

Starfsmannafélag Garðabæjar
Sveinatungu v/Víflsstaðaveg
210 Garðabæ.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Vilhjálmur Egilsson, formaður
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 401
komudagur 10 / 12 1996

Garðabæ, 9. desember 1996


Félagið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Frumvarp þetta er niðurstaða af viðræðum milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytis. Hefur félagið fylgst með gangi þessara viðræðna á vettvangi BSRB.

Það er mat félagsins að frumvarpið sé ásættanleg niðurstaða, einkum í ljósi þess að heildarréttindi hins nýja kerfis eru jafnverðmæt gildandi réttindum, samkvæmt tryggingafræðilegu mati, að viðbættum réttindum vegna viðbótargreiðslna sjóðfélaga vegna yfirvinnu o.fl.

Mikilvægt er að sjóðfélögum verði sem áður gert kleift að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Félagið mun fylgjast með athygli með framgangi málsins á Alþingi og mun kröfugerð vegna kjarasamninga nú, sem áður, gera ráð fyrir að heildarverðmæti lífeyrisréttinda verði óskert.

f.h. Starfsmannafélags Garðabæjar


Gísli Valdimarsson, formaður